

**Sp. 5. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]**  
um þingrof og nýjar kosningar.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á forsætisráðherra að leggja til við forseta Íslands, að Alþingi verði rofið og efnt til nýrra almennra þingkosninga eigi síðar en í fyrri hluta desembermánaðar næstkomandi.

**Greinargerð.**

Ríkisstjórnin nýtur ekki lengur stuðnings meiri hluta Alþingis, þar sem Alþýðuflokkurinn hefur ákveðið að hætta þátttöku í núverandi stjórn og krafist þess, að þing verði rofið og efnt til alþingiskosninga þegar á þessu ári.

Upplýst hefur verið, að engin samstaða er um fjárlagafrumvarp, lánsfjáráætlun eða þjóðhagsáætlun. Um áramót verða allir kjarasamningar lausir. Verðbólgan hefur aldrei verið meiri en eftir rúmlega eins árs starfsferil núverandi ríkisstjórnar.

Brýna nauðsyn ber til að landsmenn eigi þess kost sem fyrst að kveða upp sinn dóm í kosningum til Alþingis og mynda þannig ábyrgan meiri hluta á Alþingi, sem fær sé um að takast á við þau mikilvægu viðfangsefni, sem við blasa.

Sjálfstæðisflokkurinn vill með flutningi þessarar tillögu staðfesta með ótvíræðum hætti, að meiri hluti Alþingis vilji rjúfa þing og efna til nýrra kosninga fyrir miðjan desembermánuð næstkomandi.